

Skipulagsstofnun  
Valur Klemensson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. október 2014  
Tilvísun: UST20141000063/bs

## Glerárvirkjun II - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða 3,3 MW virkjun í Glerá. Í framkvæmdinni felst að reist verður 5-6 m há steinsteypt stífla ofan hins eiginlega Glerárgils, litlu framar en neysluvatnslindir í Glerárdal. Vatn verður leitt frá stíflunni í um 6 km langri aðrennsslispípu að stöðvarhúsi í Rettarhvammi. Lagður verður um 930 m langur vegur frá vatnsveituvegi að stíflustæði.

### Framkvæmdasvæði

Efsti hluti pípunnar um 1200 m verður grafinn niður í hlíð dalsins ummólendi og hallandi mýrlendi, en forðast skal röskun slíkra vistkerfa sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Að öðru leyti liggur aðrennsslispípan um og í jaðri svæða sem þegar hefur verið raskað vegna mannvirkjagerðar eða efnistöku. Neðsti hluti pípunnar og stöðvarhús eru innan svæðis nr. 508 á náttúruminjaskrá, en þessi hluti svæðisins hefur þegar verið raskað við framkvæmdir af ýmsu tagi og er þar m.a. að finna steypustöð Malar og sands. Í vinnslu er friðlýsing fólkvangs á Glerárdal í samstarfi Akureyrarbæjar og Umhverfisstofnunar. Í tillögu að friðlýsingu er gert ráð fyrir að öll mannvirkni virkjunarinnar verði utan fólkvangsins.

### Helstu umhverfisáhrif

**Gróður** Pípustæðið er misvel gróið. Efsti hluti liggur um vel gróna grasbakka og hallandi mýri. Miðhlutinn liggur um mela og mólendi, en neðsti hlutinn um raskað svæði. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar á Glerárdal kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki á svæði þar sem gróður er talinn „fjölbreyttur og kjarngóður úthagagróður.“

Ekki er talin ástæða til að ráðast í mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Umhverfisstofnun vill benda á að þar sem aðrennsslispípa verður lögð þvert á hallamýri gæti lögnin hugsanlega hindrað flæði vatns um mýrina. Ef slíkt er talið mögulegt telur stofnunin að grípa ætti til mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum á mýrlendi. Slík aðgerð gæti t.d. falist í að koma fyrir ræsum undir göngustíg sem fyrirhugað er að leggja ofan á pípustæðið.

**Fuglalíf** Þeir varpfuglar sem fundust á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru allir algengir á landsvísu og á nærsvæði utan smyrils, en hreiðurstæði hans var á móts við skotæfinga- og

akstursíþróttasvæði þannig að það virðist sem fuglinn truflist ekki mikið af hávaða og umferð. Niðurstaða fuglafræðings er eftirsarandi: „Áhrif fyrirhugaðra virkjaframkvæmda verða fyrst og fremst á framkvæmdatíma en á rekstrartíma er talið að þau verði óveruleg.“ Sem mótvægisáðgerð er gert ráð fyrir að allar framkvæmdir við stíflu og aðrennslispípu á öröskaðum svæðum verði utan varptíma fugla. Umhverfisstofnun telur æskilegt að fara í framkvæmdir síðumars, á þeim stöðum þar sem framkvæmdir geta valdið fuglum ónæði.

**Lífríki Glerár** Í greinargerð fiskifræðings kemur fram að skortur á heppilegum búsvæðum og lágor vatnshiti að sumri valdi því að ekki er talið að sjálfbæra stofna laxfiska sé að finna í Glerá.

Ekki er talin ástæða til að ráðast í mótvægisáðgerðir vegna áhrif virkjunarinnar á lífríki árinnar.

**Jarðmyndanir** Ekki er talið að virkjunin muni hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir í Glerárdal. Sorpurðun og malarnám undansarinna áratuga hefur haft gríðarleg áhrif á jökulminjar í mynni Glerárdals og munu virkjanaframkvæmdir ekki bæta miklu við það rask sem þegar er orðið.

**Landslag og sjónræn áhrif** Fram kemur í greinargerð að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á nokkra minni fossa í Glerá að vetrarlagi en talið er að til þessara fossa sjáist eingöngu frá stöðum þar sem aðgengi er erfitt og beinlínis hættulegt að vetri til.

**Útvist og ferðamennska** Glerárdalur er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði vegna náttúrufars og útvistargildis. Í vinnslu er að gera hluta hans að fólkvangi. Fyrirhugað er að bæta aðgengi að svæðinu og ráðgert er að gera göngustíg á pípustæði og tengja við kerfi göngustíga sem fyrir eru á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif fyrirhugaðrar virkjunar vera sjónræn áhrif sem helst felast í nýjum mannvirkjum og minna rennsli í fossum í hluta Glerárgils og rask á votlendi á fyrsta hluta pípuleiðar. Áhrif á fossa verða árstíðabundin (minnst rennsli að vetrarlagi) og afturkræf. Áhrif á votlendi verður óafturkræft á sjálfri pípuleiðinni, en Umhverfisstofnun telur að leita eigi allra leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum á hallamýri. Framkvæmdin er að mestu á svæði sem þegar hefur verið mikið raskað og ber yfirbragð mannlegra athafna. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur